



# www.vorsteh.is

## Ársskýrsla 2018-2019

Guðmundur Pétursson og Guðni Stefánsson gáfu áfram kost á sér í stjórnarsetu, engin mótframboð og var það samþykkt einróma.

Stjórnin skipti með sér verkum með eftirfarandi hætti:

Guðmundur Pétursson formaður

Gunnar Pétur Róbertsson varaformaður og ritari

Lárus Eggertsson gjaldkeri

Guðni Stefánsson meðstjórnandi

Sigurður Arnet Vilhjálmsson meðstjórnandi.

## Nýjir meistarar á árinu eru.

Veiðimela Karri varð Íslenskur veiðimeistari ISftCh

Heðnabergs Gáta von greif varð Íslenskur meistari ISCh

Gg Sef varð Íslenskur meistari ISCh

Munkefjellets Mjöll varð Íslenskur sýningameistari ISShCh

Ice Artemis Hera varð Nordic show champion NORDICCh og Norðurljósa meistari NLM

Ice Artemis Mjólnir var Íslenskur sýningameistari ISShCh

Til hamingju öll með flotta hunda og frábæran árangur.

## Got á árinu

2 got á árinu

04.02.2018 kom Zelduræktun með 5 hvolpa 2 tíkur og 3 rakka.

09.07.2018 kom Ice Artemis ræktun með 4 hvolpa 3tíkur og 1 rakka.



### **Belcando próf Vorstehdeildar var haldið helgina 6-8 apríl 2018**

Góð skráning var í prófið og voru Keppnisflokkarnir sérstaklega veglegir. Dómarar voru Rune Nedrebö, Kjell Otto Hansen og Guðjón Arinbjörnsson. Guðjón var fulltrúi HRFI og Guðni Stefánsson var prófstjóri. Einar Örn gékk með dómurum í UF/OF sem dómaranemi. Á föstudeginum var prófið sett undir Helgafelli í Mosfellsbæ á Þingvallavegi. Ekki var hitastigið kræsilegt með allri vindkælingunni, trúlega nálægt alkuli.

Ákveðið var að Opinn og Unghundaflokkur yrðu keyrðir saman í blönduðu partýi og farið yrði upp á Heiðarbæjarbakka. Þegar þangað var komið var allt annað veður, sól, andvari og blíða sem hélt svo alla helgina.

Níu hundar hófu daginn, 3 unghundar og 6 í opnum flokk. Kjell og Rune dæmdu hópinn saman.

Þeir Vorstehundar sem náðu einkunn þann daginn voru Opinn flokkur

Veiðimela Yrja, Snögghærður Vorsteh, leiðandi Óskar Hafsteinn Halldórsson, 2.einkunn  
Veiðimela Jökull, Snögghærður Vorsteh, leiðandi Friðrik G. Friðriksson, 3.einkunn

Á laugardeginum voru allir flokkar keyrðir, Unghunda og Opinn flokkur í blönduðu og svo Keppnisflokkur.

Kjell Otto dæmdi blandaða hópinn en Rune Nedrebo og Guðjón dæmdu saman Keppnisflokkinn.

Nítján hundar hófu daginn ☺ 3 unghundar, fjórir í opnum flokki og tólf í keppnisflokki ☺

Árangur Vorstehunda eftir daginn var

Opinn flokkur

Veiðimela Jökull, Snögghærður Vorsteh, leiðandi Friðrik G. Friðriksson 2.einkunn

Keppnisflokkur

1.sæti, Bendishunda Saga – Þoka, Snögghærður Vorsteh, leiðandi Guðmundur Pétursson  
2.sæti, Munkefjellets Mjöll, Strýhærður Vorsteh, leiðandi Lárus Eggertsson

Á sunnudeginum var Keppnisflokkur sem Rune Nedrebo og Kjell Otto Hansen dæmdu.

Tíu hundar hófu daginn.

Úrslit voru:

Keppnisflokkur

1.sæti, Munkefjellets Mjöll, Strýhærður Vorsteh, leiðandi Lárus Eggertsson  
2.sæti, Ice Artemis Mjöllinir, Strýhærður Vorsteh, leiðandi Lárus Eggertsson  
3.sæti, Gg Sef, Strýhærður Vorsteh, leiðandi Guðni Stefánsson  
5.sæti, Heiðnabergs Gleipnir von Greif, Snögghærður Vorsteh, leiðandi Jón Svan Grétarsson

Strýhærðir í þrem efstu sætunum ☺



**Bendispróf Vorstehdeildar** var haldið 5-7 október 2018.

Frábær skráning var í prófið eða 62 skráningar.

Dómarar voru Per Olai Stömner og Glenn Olsen ásamt Guðjóni Arinbjarnar og svo Pétri Alan sem leysti Guðjón af á síðasta degi í UF/OF.

Prórstjóri var Gunnar Pétur Róbertsson og fulltrúi HRFÍ Guðjón Arinbjörnsson.

**Á föstudeginum** fengu eftirfarandi Vorstehundar einkunn og sæti.

Í **Keppnisflokki** fékk einn hundur sæti, og það var

Veiðimela Jökull (Snögghærður Vorsteh) leiðandi Friðrik G Friðriksson, sem landaði 1. sætinu

**Á laugardeginum** var spáin þannig að upp úr kl 14 kæmi éljabakki inn yfir land og myndi hvesa með því. Þessvegna var ákveðið að setja prófið kl 9 á afleggjaranum að Skálafelli og reyna svo að nýta tímann sem best framan af degi.

Veðrið spilaði svo stóra rullu í UF/OF, en uppúr kl 13 skall á mikil hríð en þá hafði KF nýlokið keppni.

Úrslit dagsins:

Í **Keppnisflokki** náði 1 hundur sæti og var það

Veiðimela Karri (Snögghærður Vorsteh) leiðandi Pétur Alan Guðmundsson, sem hreppti 1.sætið með meistarastigi

Engin einkunn kom í UF eða OF, en allir hundar áttu möguleika á fugli, en hann var styggur og erfiður í veðrinu.

**Á sunnudeginum** vaknaði fólk upp í logni og fínu veðri. Prófið var sett í Sólheimakoti og farið á heiðina. KF fór upp á stóra bílplan og gékk upp fyrir pípu, en UF/OF fóru á Gumma Bogg.

Úrslit dagsins:

Í **Keppnisflokki** náði einn hundur sæti.

Bendishunda Saga – Þoka (Snögghærður Vorsteh) leiðandi Guðmundur Pétursson varð í 1.sæti.

**Unghundaflokkur:**

Fjallatinda Ýrr (Snögghærður Vorsteh) leiðandi Ólafur Erling Ólafsson 3.einkunn

Fjallatinda Daniela Darz Bór (Snögghærður Vorsteh) leiðandi Ívar Erlendsson 3.einkunn.



### **Sækikeppni**

12.júní var haldin Sækikeppni sem Belcando og Famous grouse styrktu.

Lögð var út allskonar bráð meðal annars, mávar, rjúpur, sjófuglar, hrafn, minkur, refur, og útbúnar allskonar þrautir. Eitthvað fyrir alla.

Gaman að sjá hundana glíma við krefjandi aðstæður og bráð.

Grillaðar voru pylsur og spjallað.

IceArtemis Mjólnir sigraði, sótti allt sem honum var boðið upp á hratt og vel.



### **Kvennanámskeið var haldið 20 og 21 júní**

Ellen Marie Imshaug hélt Sækinámskeið fyrir konur sem Diana Sigurfinnsdóttir skipulagði með henni á miðvikudag og fimmtudag. 14 konur skráðu sig og voru frá kl 17 og langt fram eftir kvöldi í sækiaefingum með hunda á öllum aldri og af mörgum tegundum. Mikil ánægja var hjá þeim með námskeiðið og góður andi í hópnum.



### **Fyrirlestur**

Laugardaginn 23.júní. héldu þau hjónin Ellen og Oystein fyrirlestur um sitt hundahald og þjálfun. Mjög skemmtilegur fyrirlestur á léttu nótunum þar sem ýmiss fróðlekur, tips og trix komu fram, ásamt svo smá sýnikennslu í lokin





### Sækiþróf

Á laugardaginn 23. júní var svo fyrri dagur Ljósasmiðjuþrófs Vorstehdeildar. Þrófið var sett í Sólheimakoti kl 9. Fulltrúi HRFI var Egill Bergman og þrófstjóri Diana Sigurfinnsdóttir.

Notast var við svæðið vð skemmurnar í frjálsri leit. Hafravatn í sókn í vatni og farið upp á Kónsveg í spor. Hádegishlé og grill var tekið í Sólheimakoti. Veðrið var eihver fræsingur með vætu inn á milli, en allir vel klæddir og létu það ekki á sig fá.

Eftirfarandi Vorstehhundar fengu einkunn þennan daginn.

Sagásens Trofi – Snöggh. Vorsteh 1.eink í OF

Veiðimela Jökull – Snöggh. Vorsteh 2.eink í OF

Bendishunda Saga – Þoka – Snöggh. Vorsteh 2.eink í OF

Ice Artemis Hera – Strýhærður Vorsteh 2.eink í OF

Gg Sef – Strýhærður Vorsteh 3. Ein í OF

Á Sunnudaginn 24.júní var mun bjartara veður, jafnvel smá sól, og þrófið sett í Sólheimakoti kl 9.

Þrófstjóri Diana Sigurfinnsdóttir og Fulltrúi HRFI Pétur Alan Guðmundsson.

Farið var með frjálsu leitina upp á Kónsveg og sókn í vatn var aftur tekin á Hafravatni.

Hádegishlé og grill í Sólheimakoti og svo var farið í sporið sem var að hluta til lagt við pípunna á Hólmsheiði, þar sem var pláss fyrir 10 spor og svo voru síðustu sporin tekin á Kónsveginum.

Eftirfarandi Vorstehhundar fengu einkunn:

Sangbergets Jökuleima Laki – Snöggh. Vorsteh fékk 2.einkunn í UF.

Í OF fengu

1.einkunn hlutu:

Sagásens Trofi – Snöggh. Vorsteh

Gg Sef – Strýhærður Vorsteh

Veiðimela Jökull – Snöggh. Vorsteh

Bendishunda Saga – Þoka – Snöggh. Vorsteh

Ice Artemis Hera – Strýhærður Vorsteh

Svona glæsilegt námskeið og próf verður ekki til að sjálfu sér og vill Vorstehdeild þakka **öllum** sem lögðu hönd á plóg innilega fyrir hjálpina.

Við þökkum Ellen Marie Imshaug fyrir frábæra dómgæslu og námskeið og Oystein hálpina við hvoru tveggja, og þeim báðum fyrir fyrirlesturinn.

Diana Sigurfinnsdóttir fær ómældar þakkir fyrir verkstjórn og óteljandi hluti sem hún reddaði og gerði til að láta þetta allt ganga snurðulaust.

Sigrún Guðlaugardóttir og Guðmundur fá þakkir fyrir að manna bátinn og fleira. Sigrún og Atli fyrir að lána okkur bátinn. Svo fá Unnur, Sigrúnarnar, Einar Guðna og fleiri innilegar þakkir fyrir hjálpina. Og einnig er vert að minnst á gott samstarf milli fuglahundadeildanna Vorsteh, FHD og DESÍ.



### Stigakeppnin

Stigakeppni Vorstehdeildar 2018 er haldin ár hvert. Stigahæsti hundur í KF var Veiðimela Jökull með 41 stig. Stigahæsti hundur í OF var Veiðimela Jökull með 26 stig. Og það er skemmst frá því að segja að Veiðimela Jökull sigrar einnig Over all með 50 stig 😊 Friðrik og Jökull hafa gert það gott í fjölmörgum viðburðum í Tegundarhóp 7 og skilað inn stigum jafnt og þétt.

Stigahæsti unghundur er Sångbergets Jökulheima Laki með 15 stig 😊

Báðir þessir hundar tóku þátt í öllum tegundum viðburða sem telja í stigakeppninni, það er heiðaprófum, sækiprófum og sýningum 😊

Við óskum Friðriki og Unni innilega til hamingju með flotta hunda. Vel gert !!

Vorstehdeild þakkar styrktaraðilum deildarinnar kærlega fyrir stuðninginn, án þeirra væri íllmögulegt að halda þessa glæsilegu viðburði.

Bendir, Ljósasmiðjan, Belcando og síðast en ekki síst Famous Grouse hafa styrkt okkur myndalega á árinu sem er ómetanlegt.

Fyrir hönd stjórnar

Guðm. Pétursson formaður.

